



SAMSTARFSSAMNINGUR

1. Aðilar samnings

Vestmannaeyjabær, kt. 690269-0159, Ráðhúsinu við Kirkjuveg 50, 900 Vestmannaeyjum og Ferðamálasamtök Vestmannaeyja, kt., gera með sér samning þennan.

2. Markmið

Markmið samningsins er að efla ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum með markvissri markaðssetningu, auknu samstarfi og verkefnum sem stuðla að fjölgun gesta og lengra ferðaþjónustutímabili.

3. Hlutverk samtakanna

Samtökin skulu vinna að markaðs- og kynningarstarfi fyrir Vestmannaeyjar, efla samstarf ferðaþjónustuaðila og veita sveitarfélaginu upplýsingar og ráðgjöf um þróun ferðaþjónustu sé eftir því leitað.

4. Hlutverk sveitarfélagsins

Vestmannaeyjabær leggur til fjárframlag, tekur þátt í stefnumótun, tilnefnir tengilið og styður við verkefni samningsins eftir föngum.

5. Fjárframlag

Framlag Vestmannaeyjabæjar er ákveðið árlega í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og sérsamþykktir hennar.

6. Markaðsáætlun

Ferðamálasamtök Vestmannaeyja skulu eigi síðar en 31. mars ár hvert leggja fram markaðsáætlun ásamt sundurliðaðri kostnaðaráætlun skipt eftir tímabilum apríl-júní, júlí-september og október-deember. Áætlunin er forsenda greiðslna og Vestmannaeyjabær skal samþykkja hana áður en greiðslur hefjast.

7. Greiðslur

Greiðsla í apríl er vegna tímabilsins apríl-júní og tekur mið af samþykktu kostnaðaráætlun. Greiðsla í júlí er vegna tímabilsins júlí-september. Greiðsla í júlí fer ekki fram fyrr en reikningar vegna tímabilsins apríl-júní hafa borist og verið yfirfarnir af Vestmannaeyjabæ. Lokagreiðsla fer fram í september/október og er uppgjör.

Sé heildarupphæð árlegs framlags ekki fullnýtt við lokauppgjör í september/október er Ferðamálasamtökum Vestmannaeyja heimilt að leggja fram reikninga til greiðslu fram að áramótum, enda varði þeir kostnað sem fellur undir samþykktu markaðsáætlun.

8. Skilyrði greiðslna

Afhenda skal Vestmannaeyjabæ ársreikning síðasta árs áður en greiðslur hefjast. Greiðsla fyrir hvert tímabil er háð því að reikningar vegna fyrra tímabils hafi borist, verið yfirfarnir og samþykktir af Vestmannaeyjabæ, og að sýnt sé fram á að fjármunir hafi verið nýttir í samræmi við samþykktu áætlun. Ekki er greitt fyrir næsta tímabil fyrr en þessum skilyrðum er fullnægt.

9. Greiðsluhlutföll

Að hámarki 45% heildarframlags greiðast í apríl, að hámarki 45% í júlí og eftirstöðvar við lokauppgjör í október.

10. Uppgjör og endurgreiðsla

Lokagreiðsla í september/október er uppgjörsgreiðsla.

Heimilt er að inna af hendi hluta lokagreiðslu að fenginni stöðuskýrslu og yfirliti um áfallinn kostnað, enda sé ljóst að um samningsbundin verkefni sé að ræða.

Eftirstandandi greiðsla fer ekki fram fyrr en öll reikningsgögn vegna tímabilsins júlí–september hafa borist og heildaruppgjör ársins liggur fyrir og hefur verið samþykkt af Vestmannaeyjabæ.

Vestmannaeyjabær getur frestað greiðslu þar til gögn liggja fyrir án þess að það teljist vanefnd. Vestmannaeyjabær á endurgreiðslukröfu ef framlag hefur verið ofgreitt eða ekki nýtt í samræmi við samning.

11. Gildistími

Samningur þessi gildir frá apríl 2026 til og með október 2029. Skulu samstarfsaðilar taka um samtal um áframhaldandi samstarf eigi síðar en í ágúst 2029.

12. Uppsögn

Samningnum er hægt að segja upp með skriflegum hætti í ágúst ár hvert.

13. Undirritun

Samningur þessi er undirritaður rafrænt og fær hvor aðili sitt eintak.